

REGLUR

um endurgreiðslu á iðgjaldi til atvinnuleysistryggingasjóðs vegna lögskráðra sjómanna á árinu 1990.

1. gr.

Peir launagreiðendur sem inntu af hendi iðgjöld vegna atvinnuleysistrygginga til lögskráningarstjóra vegna sjómanna lögskráðra á árinu 1990 skulu eiga rétt á endurgreiðslu iðgjaldanna á árinu 1991.

2. gr.

Endurgreiðsla, sbr. 1. gr., skal fara fram hjá þeim innheimtumanni ríkissjóðs sem innheimti iðgjöldin.

Við endurgreiðslu skal byggja á upplýsingum lögskráningarstjóra um raunverulega innborguð iðgjöld vegna tryggingatímabils hvers launagreiðanda á árinu 1990.

Ríkisbókhaldi skal afhent skilagrein vegna endurgreiðslna eigi síðar en mánuði eftir að þær voru inntar af hendi.

3. gr.

Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs, ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum, skal skuldajafna á móti endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum.

4. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt þessum reglum skerðir í engu bótarétt, sbr. IV. kafla laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, þeirra launamanna sem iðgjöld voru innt af hendi fyrir.

5. gr.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum breytir ekki skyldu viðkomandi launagreiðanda til greiðslu á fullu tryggingagjaldi í samræmi við lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, en að jafnaði skal þess gætt við skuldajöfnun, sbr. 3. gr., að skuldjafna fyrst við vangreitt tryggingagjald ef um það er að ræða.

6. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt þessum reglum skal innt af hendi í einu lagi eigi síðar en 1. mars 1991.

Ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eiga við um vexti á endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 113, 28. desember 1990, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1991.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Snorri Olsen.